

Landsmót í skólaskák — reglugerð

(gildir fyrir Landsmót 2023 og skal endurskoðuð að hausti)

1. grein

Landsmót í skólaskák er skákkeppni nemenda í grunnskólum.

2. grein

Í keppninni skal nemendum skipt í þrjá flokka: 1. – 4. bekkur, 5. – 7. bekkur og 8. – 10. bekkur. Hafi keppendur sleppt bekk í grunnskóla skal miða við fæðingarár þeirra varðandi í hvaða flokki þeir tefla. Keppendum er frjálst að tefla upp fyrir sig en aðeins er hægt að tefla í einum flokki.

3. grein

Keppnin skiptist í undankeppni og úrslit. Skal miða við að undankeppnum ljúki í síðasta lagi tíu dögum fyrir úrslit.

4. grein

Undankeppnin á sér stað á nokkrum svæðamótum þar sem teflt er um sæti í úrslitum Landsmótsins. Árið 2023 eru svæðamót haldin fyrir eftirfarandi svæði:

- a) Reykjavík.
- b) Kópavog.
- c) Kragann (Hafnarfjörð, Garðabæ, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ).
- d) Suðurnes.
- e) Suðurland.
- f) Norðurland.
- g) Ásamt svæðamótunum er haldin ein undankeppni á netinu fyrir grunnskólanemendur sem búa á svæðum (hinum gömlu kjördæmum) sem eru ekki tilgreind að ofan: Norðurland vestra, Vestfirðir, Austfirðir og Vesturland.

5. grein

Á fjölmönnum svæðum með mikla skákvirkni er mótshaldara heimilt að takmarka þátttöku í undankeppni. Svo sem með því að miða við þá sem teflt hafa með a-sveitum í sveitakeppnum.

6. grein

Í úrslitum eiga eftirfarandi keppnisrétt í hverjum aldursflokki:

- a) Reykjavík: Þrjú sæti.
- b) Kópavogur: Tvö sæti.
- c) Kraginn: Eitt sæti.
- d) Suðurnes: Eitt sæti.
- e) Suðurland: Eitt sæti.
- f) Norðurland: Eitt sæti.
- g) Undankeppni á netinu fyrir svæði tilgreind að ofan í g-lið fjórðu greinar: Eitt sæti.
- h) Boðssæti: Tvö sæti.

Verði forföll koma varamenn úr þeim undankeppnum sem forföll verða í og farið skal eftir úrslitum undankeppna við val á varamönnum. Ef eitthvert svæði sendir ekki þann fjölda sem það á rétt á mun valnefnd tilnefna varamenn. Mótshöldurum hvernar undankeppni er frjálst að notast við mótssstig eða umspil verði keppendur jafnir í efsta sæti.

7. grein

Við val á boðssætum skulu eftirfarandi sjónarmið höfð í huga:

- a) Kynjasjónarmið.
- b) Landsbyggðarsjónarmið.
- c) Staðsetning úrslita Landsmóts.
- d) Stigasjónarmið.
- e) Úrslit undankeppna.

8. grein

Stjórn Skáksambands Íslands skal skipa þriggja manna valnefnd sem kemur með tillögu að úthlutun boðssæta. Valnefndin er óopinber og er tilgangur þess sá að styrkja sjálfstæði hennar gagnvart utanaðkomandi áhrifum. Í henni skulu vera einstaklingar af fleiri en einu kyni og úr þremur taflfélögum, þar af einu af landsbyggðinni og tveimur af höfuðborgarsvæðinu. Meðlimir valnefndar geta hvorki komið úr aðalstjórn SÍ né varastjórn SÍ. Stjórn SÍ skal fara eftir tillögum valnefndar. Val valnefndar skal liggja fyrir eins fljótt og auðið er að lokinni síðustu undankeppni.

9. grein

Í úrslitum tefta tólf keppendur í hverjum flokki, allir við alla, atskák. Úrslitin skulu haldin á tveimur dögum. Stjórn Skáksambandsins er heimilt að fjölga eða fækka keppendum í úrslitum hvers flokks ef tilefni er til, án minnsta fyrirvara, þó þannig að keppendur verði ekki færri en 8 og ekki fleiri en 14 í hverjum flokki. Stjórn SÍ er heimilt að breyta tímamörkum komi til fækkunar eða fjölgunar keppenda.

10. grein

Skáksamband Íslands er ábyrgðaraðili mótsins en getur lagt framkvæmd undankeppna og úrslita í hendur annarra aðila, svo sem skákfélaga, skóla eða einstaklinga.